



Greinargerð

Verkheiti: Fossvogsskóli - Ýmsar framkvæmdir

Dags. 02.07.2019

Málefni: Greinargerð til Skólaráðs

Höfundur: Kristinn J. Gíslason

Hönnuðir: Verkís, Efla, VSÓ, Mannvit, TGH arkitektar

1. Almenn

Framkvæmdir sem verið er að vinna í Fossvogsskóla í sumar og haust eru: Endurbætur vegna rakaskemmda innanhúss, endurnýjun þaka Vesturlands og Meginlands, endurnýjun lotræsisamstæðna Vestur- og Meginlands, framkvæmdir í matsal, lóðarframkvæmdir, glerveggur í bókasafni og reglubundið viðhald skólans.

2. Niðurrif - Sýnatökur

Minniháttar niðurrif hefur átta sér stað jöfnum höndum að fyrirmælum Indriða Níelssonar (IN) hjá Verkís. Sýnatökum þeim tengt og aðgeralýsingar hafa verið gerðar. Á.S Tréssmíði hafa unnið að aðgerðum/verkbáttum. IN hefur gert yfirlitsmynir um staðsetningar sýnatöku, unnið er markvisst skv. þeim yfirlitsmyndum.

Þær sýnatökur í tímaröð og aðgerðir sem átt hafa sér stað frá fundi með foreldrum sem haldinn var í Bústaðakirkja eru:

- **Lagnastokkar ofnalagna í kennslustofum Vesturlands:** Aðgerð: stokkar og innvols rífið, þrifið og byggt upp með nýjum efnum.
- **Burðarvirki og lagnagrindur lofta í kennslustofum Vesturlands:** Aðgerð: Allt timburvirki þrifið 3 umferðir. Í miðrymi Vesturlands verða burðarvirki og lagnagrindur rifnar, fargað og endurnýjaðar.
- **Frágangur við gólf inn- og útveggja Vestur- og Meginlands:** Aðgerð: Allt dúkalím slípað og svæðið þrifið.
- **Kjarnasýni steypu veggja og gólfa:** Aðgerð: Búið er að bora/taka kjarnasýni steypu veggja og gólfa:
 - 1) Bókasafn gólf við gamlan leka
 - 2) Bókasafn veggur við gamlan leka
 - 3) Heimilisfræði gófl við gamlan leka
 - 4) Kennarastofa gólf við gamlan leka
 - 5) Vesturland gólf við gamlan leka.



Sýnatökukjarnar hafa verið sendir til NÍ, beðið er eftir niðurstöðu rannsókna sýna.

- **Snertisýni - Sýnatökustaðir:** Aðgerð: Búið er að taka eftirfarandi snertisýni og hafa þau verið send NÍ, beðið er eftir niðurstöðu rannsókna sýna.

Sýni nr.	Sýnatökustaður
1	Heimilisfræði bakhlið á klæðningu
2	Heimilisfræði undir sólbekk
3	Heimilisfræði utan á klæðningu
4	Heimilisfræði lektur klæðningar
5	Heimilisfræði geymsla framhlið á lími klæðningar
6	Heimilisfræði geymsla bakhlið klæðningar
7	Kennarastofa bakhlið stokks
8	Kennarastofa leiðari
9	Gólf í horni ofan á floti, þvegið og hreinsað.
10	Gólf í horni utan horns sem er þvegið og hreinsað.

3. Framkvæmdir

Staða framkvæmda er eftirfarandi:

Vesturland: Verið er að vinna að gerð loftunar, einangrunar og rakavarnarlags þaka kennslustofa, lokið er við að mála fyrstu umferð veggja. Búið er að hífa eldri loftræsisamstæður upp úr þaki og farga þeim. Verið að endurnýja hljóðgildirur í kennslustofum. Búið er að flota undir alla dúka. Verið er að bæta brunafrágang lofta og veggja í loftræsiklefa. Ný loftræsisamstæða verður hífð inn í næstu viku. Þjónustuverktakar USK vinna jöfnum höndum að öllum tilfallandi nauðsynlegum verkþáttum. Ýmsar aðrað minni framkvæmdir eru í gangi.

Meginland: Lokið er við að setja upp afréttar loftagrindur í kennarastofu og íþróttasal. Verið að eldverja burðarvirki lofta í íþróttahúsi og leggja raflagnir í loft kennarastofu. Búið er að rífa dúka og flota gólf kennslueldhúss. Málun kennslueldhúss hefst í vikunni. Verið er að smíða vegg í kennaraeldhúsi og færa munaskápa, málun er hafin. Búið er rífa og endurbyggja loft í fundarherbergi inn af kennarahebergi. Búið er að hífa eldri loftræsisamstæður upp úr þaki og farga þeim. Verið er að bæta brunafrágang lofta og veggja í loftræsiklefa ásamt því að endurnýja hljóðgildirur íþróttahúss. Ýmsar aðrað minni framkvæmdir eru í gangi.

Austurland: Búið er setja í nýja sólbekki. Málun austurvegg hefst í vikunni. Verið er að smíða glervegg bókasafns (með eldvarnargleri), glerveggur verður settur upp í næstu viku. Eldvarnarfrágangur fyrir ofan glervegg hefst í vikunni.

4. Hönnun - Fundir

Búið er að halda marga hönnunarfundi með hönnuðum frá því að niðurrifi lauk, þeirri fundarröð er lokið. Gott samstarf hefur verið við skólastjórnendur í þeirri vinnu. Vikulegir verkfundir hafa verið haldnir.

5. Útboð og verðfyrirspurnir

Búið er að opna tilboð í loftafrágang skólans, niðurstaða tilboða var eftirfarandi:

Á.S. Trésmíði ehf. er verktakinn sem unnið hefur að niðurrifum í Fossvogsskóla af miklum ágætum.



Verðfyrirspurn nr. 14570 - Loftaklæðningar - Fossvogsskóla
fyrir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Tilboðin voru opnuð í Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, þann 1. júlí 2019, kl. 10:00

Bjóðendur:	Tilboðsverð við opnun	Hlutf. af kostn.áætl	Tilboðsverð eftir yfirferð	Hlutf. af kostn.áætl
1. Á.S. Trésmíði ehf.	7.926.550	92,60%	7.926.550	92,60%
2. Pactor ehf.	9.440.462	110,29%	9.440.462	110,29%
3. Sérverk ehf.	8.374.906	97,84%	8.374.906	97,84%
Kostnaðaráætlun	8.560.000	100,00%	8.560.000	100,00%

Leitað var tilboða í ljósabúnað lofta sem á að endurnýja í Megin- og Vesturlandi, 4 aðilar gáfu tilboð og var Johan Rönning var með hagstæðasta tilboðið, samið var við hann.

1. Johan Rönning: 2.015.682 kr, með vsk
2. Ilux: 2.185.153 kr, með vsk,
3. Reykjafell: 2.436.808 kr, með vsk
4. Rafkaup: 2.764.605 kr, með vsk,

Úboð á sögun veggja í matsal og steypra veggja á lóð verður auglýst 6. júlí og verða tilboð opnuð hjá Innkaupadeild Kl. 10:00 mánudaginn 22. júlí.

Verðfyrirspurnargögn lóðarfrágangs verða tilbúin um næstu helgi og verða þau send verktökum og Innkaupadeild í kjölfarið.

6. Verklök

Verklök innanhúss Megin- og Austurlands eru áætluð 15. ágúst nk.

Verklök innanhúss og þaks Vesturlands eru áætluð í nóvember.

Verklök sögunar veggja í matsal og veggja á lóð eru áætluð í lok október/nóvember.

Verklök lóðarfrágangs eru áætluð í byrjun nóvember.

Tilvitnanir - Viðhengi: Samanburðarskrá Innkaupadeildar RVK.

Undirskrift:



Kristinn J. Gíslason
Verkfræðingur M.Sc.